

FLOKKUM



Hvernig
flokka ég

?



Matarleifar



Pappír og pappi



Plastumbúðir



Blandaður úrgangur

Kópavogsbraut 1B

Fjórir flokkar á heimili

Á hverju heimili verða fjórir úrgangsflokkar



Matarleifar



Pappír og pappi



Plastumbúðir



Blandaður úrgangur



Sunnuhlíðarsamtökin hafa gert allt til að einfalda flokkun eins og mögulegt er.

Saman getum við þetta!



Öll heimili fá körfu og bréfpoka undir matarleifar

Matarleifum verður safnað í bréfpoka sem sveitarfélögin útvega íbúum um leið og tunnuskiptin eiga sér stað. Eina breytingin er að nú verða matarleifar flokkaðar sér en áður fóru þær saman með blönduðum úrgangi. Ekki verður meiri lykt af þessu fyrirkomulagi en verið hefur.

Matarleifapoki og karfa

Karfan undir bréfpokana passar auðveldlega í flokkunarhirslur eldhúsinnréttinga.

Pokarnir skipta lykilmáli til að hægt sé að vinna nothæfa moltu úr matarleifunum. Með pokunum fá íbúar körfu til að safna matarleifum inn á heimilum.

Karfan tryggir að það lofti um pokann sem kemur í veg fyrir mögulegan leka.

Íbúar eru hvattir til að tæma pokann reglulega!



Blandaður úrgangur



Í blandaðan úrgang fer meðal annars:

Dömubindi, blautklútar, bleyjur og ryksugupokar.

Hvar hendi ég blönduðum úrgang ?

Blandaður úrgangur fer í sorprennu.

Athugið að íbúar á jarðhæð þurfa
að fara upp á 2.hæð til að henda
blönduðum úrgangi!

Matarleifar



Í matarleifar fer meðal annars:

Grænmeti, ávextir, eggjaskurn, kaffikorgur, matarleifar með beini, fiskiúrgangur.

Hvar hendi ég matarleifum?

Matarleifum hendum við á jarðhæð, hjá pappa/pappír og plasti.

Athugið að íbúar á 2-5 hæð þurfa að fara með matarleifar á jarðhæð og henda þar!

Plastumbúðir



Í plastumbúðir fer meðal annars:

Snakkpokar, plastfilma, plastpokar, sjampóbrúsar.

Hvar hendi ég plasti?

Plasti hendum við á jarðhæð,
hjá pappa/pappír og matarleifum.

Athugið að íbúar á 2-5 hæð þurfa
að fara með plast á jarðhæð og
henda þar!

Pappír og pappi



Í pappír og pappa fer meðal annars:


Dagblöð, bréfpokar, pítsakassar og
pappírsumbúðir

Hvar hendi ég pappír og pappa?

Pappa og pappír hendum við á jarðhæð,
hjá plasti og matarleifum.

Athugið að íbúar á 2-5 hæð þurfa
að fara með plasti á jarðhæð og
henda þar!

Málmur, gler og annað



Hvar hendi ég málm, gleri og öðru?

Málmum, gleri, skilagjaldsskyldum umbúðum og textíl verða íbúar að koma sjálfir á grenndarstöð.

Ef íbúar geta ekki farið sjálfir á grenndarstöð eru þeir beðnir um að óska eftir aðstoð ættingja.

Athugið

Allur pappi, pappír og plast er til fellur vegna flutninga á að skila á grenndarstöð eða í Sorpu.